

Dómsorð:

Kærði Francis Pichering Daugaard greiði 6000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 40 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði Ólafur Sveinsson Björnsson greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði Bjarni Guðjónsson greiði 400 króna sekt til Menningar-sjóðs, og komi varðhald í 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði Daugaard greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 500.00, og annan sakarkostnað greiði hann að hálfu leyti, en hinn helming sakarkostnaðarins greiði þeir kærðu Ólafur og Bjarni in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 26. maí 1952.

Kærumálið nr. 9/1952.

Haraldur Júlíusson f. h.

Björns Hauks Baldvinssonar

gegn

Vagni Jónssyni.

Synjun frests í innsetningarmáli.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 9. apríl þ. á., er hingað barst 18. s. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar samkvæmt 198. gr. laga nr. 85/1936 úrskurði fógetadóms Reykjavíkur 9. apríl þ. á., þar sem varnaraðilja er veittur frestur í innsetningarmáli sóknaraðilja gegn varnaraðilja.

Hæstarétti hafa ekki borizt neinar kröfur frá sóknaraðilja, en ætla verður, að hann kæri úrskurðinn í því skyni að fá hann felldan úr gildi.

Varnaraðili hefur sent Hæstarétti greinargerð í málinu og

krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Sóknaraðili þykir eiga rétt til, að fógæti kveði á um það, eins og málið liggur nú fyrir, hvort innsetningargerð samkvæmt kröfu hans skuli fram fara eða ekki. Ber því að synja varnaraðilja um frest þann, sem hann hefur beðið um, og fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Þar sem sóknaraðili hefur ekki gert málskostnaðarkröfu, fellur kærumálskostnaður niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógætaréttar Reykjavíkur 9. apríl 1952.

Í máli þessu hefur gerðarbeiðandi, Haraldur Júlíusson, kaupmaður á Sauðárkróki, vegna Björns Hauks Baldvinssonar, Húsey í Seyluhreppi, krafizt þess, að honum verði með beinni fógætagerð afhentir peningar, sem nefndur Björn eigi í vörzlu Vagns E. Jónssonar hdl., er nemi samkvæmt dómi Hæstaréttar 14. nóv. 1951 kr. 48.846.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. marz 1948 og kr. 7.000.00 í málskostnað, en að frádregnum lög-mætum kostnaði.

Gerðarþoli, Vagn E. Jónsson, hefur mótmælt framgangi gerðarinnar og krafizt málskostnaðar.

Mál þetta var tekið fyrir hér í réttinum 5. marz s.l. og síðan 10. s. m., en þá fengu aðiljar frest til gagnaöflunar til 17. s. m. Framhaldsfrestur var veittur til 28. s. m. og síðan til 3. apríl s. l., en þá taldi gerðarbeiðandi gagnaöflun lokið af sinni hálfu, en gerðarþoli óskaði eftir fresti í málinu, þar til dómur hafi gengið í Hæstarétti í málunum Sparisjóður Siglufjarðar gegn Baldvin Kristinssyni og Ræsir h/f gegn Baldvin Kristinssyni. Telur hann frestinn nauðsynlegan, af því að í málum þessum verði sennilega skorið úr um eignarrétt að fé því, sem hann er krafinn um í máli þessu.

Gerðarbeiðandi mótmælti því, að frestur yrði veittur, og lögðu aðiljar þenna ágreining undir úrskurð.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 14. nóvember s. l., fékk Baldvin Kristinsson, faðir Björns Hauks, tildæmdar úr hendi ríkissjóðs kr. 48.846.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. marz 1948 og kr. 7.000.00 í málskostnað. Áður hafði hann eða, að því er virðist, 2. október s.l. afsalað syni sínum, Birni Hauki, kröfu þessari til fullrar eignar, og er tekið fram í afsalsbréfinu, að um greiðslu sé að ræða upp í arf drengsins eftir móður hans, Steinunni Björnsdóttur, sem lézt 30. sept. 1941.

Strax og áðurnefndur dómur var fallinn, hófust nokkrir skuldheimtumen Baldvins Kristinssonar handa um að leita fullnægju kröfum sínum í hinu tildæmda fé. Þeirra á meðal var Sparisjóður Siglufjarðar og Ræsir h/f og Sveinn Egilsson h/f, er kröfðust fjárnáms í því. Með úrskurðum fógætaréttarins, uppkveðnum 28. jan. s.l., var synjað um fjárnám í öllum þessum málum, og hefur tveimur hinum fyrrnefndu fjárnámsmálum verið áfrýjað til Hæstaréttar að sögn gerðarþola.

Í málum þessum var því haldið fram í fógætaréttinum, að áðurnefnt kröfuafsal væri ólöglegt, þar sem um væri að ræða tilraun til undanskots fjár undan aðför. Gerðarþoli kveðst af þessum sökum ekki geta gert sér ljóst, hver eigi löglegt tilkall til fjárins, og vill því ekki afhenda það, fyrr en úr því sé skorið, og rökstyður frestbeiðni sína, eins og áður segir, með því, að líklegt sé, að niðurstaða um þetta efni fáiast með áðurnefndri áfrýjun.

Eins og ljóst er af framansögðu, hefur verið um það deilt, hvort gerðarbeiðandi í máli þessu sé eigandi fjár þess, er hann nú vill fá afhent með aðstoð fógæta. Úrlausn Hæstaréttar í máli Sparisjóðs Siglufjarðar gegn Baldvin Kristinssyni og Ræsis h/f gegn Baldvin Kristinssyni getur skipt máli um úrslit þessa máls. Þykir því rétt að veita hinn umbeðna fræst.

Því úrskurðast:

Máli þessu er frestað, þar til dómur er fallinn í hæstaréttarmálunum Sparisjóður Siglufjarðar gegn Baldvin Kristinssyni og Ræsir h/f gegn Baldvin Kristinssyni.

Mánudaginn 26. maí 1952.

Kærumálið nr. 10/1952.

Gestur Fanndal

gegn

Jóhannesj Magnússyni.

Málflutningsumboð. Kröfu um frávísun hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 18. apríl þ. á., sem hingað barst 4. maí þ. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 kært til Hæstaréttar úrskurð, uppkveðinn á bæjarþingi Siglufjarðar 17. apríl þ. á., þar sem hrundið var kröfu sóknaraðilja um vísun málsins frá bæjarþinginu. Krefst sóknaraðili þess,